



Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

***Árshlutareikningur A-hluta og samantekinn árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – september 2021***

Endurskoðunarnefnd hefur það hlutverk gagnvart borgarstjórn að sinna fyrir hönd hennar eftirliti með verklagi við gerð reikningsskila, eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu og eftirliti með ytri endurskoðun eins og fram kemur í 108. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og samþykkt nefndarinnar.

Nefndin hefur átt fund um árshlutareikning Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar - september 2021 með sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs og sérfræðingum á sviðinu. Á fundinum var rætt um helstu álitamál og mikilvæga liði í reikningsskilunum og farið yfir atriði sem varða framsetningu árshlutareikningsins.

Í störfum sínum leggur nefndin áherslu á að vinnuferlið við gerð reikningsskila Reykjavíkurborgar sé skjalfest og hver aðgerð í ferlinu sé áhættumetin til þess að greina hættuna á að veruleg skekkja eða rangfærsla komist í reikningsskilin. Þá hefur endurskoðunarnefnd fengið kynningu á verklagi skrifstofu áhættustýringar hjá fjármála- og áhættustýringarsviði sem er í innleiðingu og telur að það muni enn styrkja vinnuferli við gerð reikningsskila og stuðla að því að borgarráð og borgarstjórn fái ítarlegar og tímanlegar upplýsingar um fjárhagslega stöðu borgarinnar á hverjum tíma.

Árshlutareikningar A hluta Reykjavíkurborgar og einstakra B-hluta félaga í samstæðunni eru gerðir með sambærilegum hætti og árshlutareikningar síðustu ára. Reikningsskil B-hluta félaga eru nú færð í samantekinn árshlutareikning miðað við hlutfallslega ábyrgð Reykjavíkurborgar í samræmi við breytt ákvæði í reglugerð 1212/2015 sem tóku gildi frá og með 1. janúar 2021.

Eins og áður fylgja með árshlutareikningnum ítarlegar greinargerðir fagsviða og B-hluta félaga og skýrsla fjármála- og áhættustýringarsviðs. Nefndin vekur athygli á ábendingum fjármála- og áhættustýringarsviðs í skýrslu sviðsins.

Ofangreind yfirferð endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar á árshlutareikningi borgarinnar fyrir tímabilið janúar – september 2021 hefur ekki leitt í ljós annað en að árshlutareikningurinn sé gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglur sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga.

f.h. endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar  
Lára Finnþórunn, formaður